



VIÐMIÐUNARREGLUR SIGLINGASAMBANDS ÍSLANDS
FYRIR VERKLAGS- OG VINNUREGLUR Í SIGLINGAKENNSLU.





Þetta skjal er einungis til hliðsjónar
og skal vera lagað að hverju siglingafélagi

Fyrsta útgáfa
Anna Ólög Kristófersdóttir tók saman.
Siglingasambandi Íslands 2012



Þetta skjal er einungis til hliðsjónar
og skal vera lagað að hverju siglingafélagi

[C] Staðlaðar verklags- og vinnureglur Siglingafélag/siglingamiðstöð

Inngangur

Þessum almennu verklags- og vinnureglum fyrir siglingafélög sem hér fara á eftir er ekki ætlað að vera tæmandi, heldur fremur til að sýna dæmi um lágmarks örugg vinnubrög fyrir alla þjálfara. Það er skylda allra þjálfara að skilja að fullu og fara eftir þessum reglum í einu og öllu.

1. HLUTI – STARFSEMI	4
1.1 ALMENN STARFSEMI	4
1.2 AÐ FARA MEÐ VIÐSKIPTAVIN Í LAND (Í NEYÐARTILFELLUM OG EKKI)	6
1.3 SIGLINGAR	6
1.4 ÖRYGGIS- OG KENNSLUBÁTAR	7
1.5 DAGSIGLINGAR	8
1.6 SJÚKRATÖSKUR OG SJÚKRAKASSAR	10
2. HLUTI – SIGLINGAFÉLAG	11
2.1 AÐ VINNA MEÐ, FÆRA OG BERA ÞUNGA HLUTI	11
2.2 SKRÁNINGAR	11
VIÐAUKAR (EFTIRFARANDI ER ÓLÍKT MILLI SIGLINGAFÉLAGA OG SKAL VERA LAGAÐ AÐ HVERJU FÉLAGI)	12
A INNIHALD NEYÐARMÖPPU	13
B NEYÐARSÍMAR	14
C NEYÐARÁÆTLUN Í ELDSVOÐA	15
D NEYÐARÁÆTLUN LEIÐBEININGAR	16
E SLYSASKÝRSLA	18
F ATVIKA- OG ÁHÆTTUSKÝRSLA	20



Þetta skjal er einungis til hliðsjónar og skal vera lagað að hverju siglingafélagi

1. Hluti – Starfsemi

1.1 Almenn starfsemi

Siglingafélag:

1. Skal sjá til þess að viðeigandi búnaður sé til staðar til að framkvæma þau störf sem þjálfara er úthlutað.
2. Skal sjá til þess að allur búnaður standist viðmiðunarreglur SÍL
3. Skal veita viðunandi öryggi og öryggisbúnað.
4. Útvegar EKKI nein lyf. Innihald sjúkratösku og sjúkrakassa í samræmi við meðmæli SÍL.
5. Skal sjá til þess að neyðarupplýsingar séu til staðar og séu aðgengilegar, svo sem staðsetning nálæggra síma, gagnleg símanúmer og kort.
6. Skal útvega fjarskiptatæki (VHF, UHF eða farsíma þar sem það á við) og öryggislínu (ádrepara) fyrir viðeigandi aðila. Yfir þjálfari sér til þess að fjarskiptatækjum, sjúkratöskum og dagsiglinga pökkum sé dreyft út þannig að það dugi sem best.
7. Skal útvega viðeigandi björgunar- og/eða sundvesti.
8. Þjálfarar skulu vera auðþekkjandi til dæmis í merktum bol, peysu, jakka eða vesti.
9. Allir bátar skulu hafa dráttartaug áfasta framan á bátnum.
10. Skulu útvega nauðsynlegan tækjabúnað þegar vinna þarf með eða færa þungan búnað.

Þjálfari:

1. Skalt **alltaf** hafa með sér í hverja kennslustund, hníf og flautu, stóra vatnsflösku og annan þjálfarabúnað.
2. Skal hafa með sér sjúkrasjótösku.
3. Skal **ávallt** að vera í björgunar- eða sundvestinu og þjálfarafötum úti á sjó, öllum stundum.
4. Skal alltaf athuga hvort öll björgunarvesti/sundvesti passi vel og séu rétt fest. Þetta er gert með því að fá viðskiptavininn til að lifta undir axlaböndin á vesti annars viðskiptavinar varlega, ef axlaböndin ná upp að eyrum þá er vestið of stórt og þau þurfa að fá minna vesti. Þegar vestum er dreyft út skal ávallt byrja frá þeim minnsta upp í þann stærsta til að ganga úr skugga um að allir fái rétta stærð.
5. Skal framkvæma nákvæma yfirferð á öllum búnaði **áður** en farið er á sjó.
6. Ber að tilkynna yfirmanni sínum strax um alla mögulega hættuvalda sem þjálfari verður var við og fjarlægja þá ef hægt er.
7. Skalt þekkja vel og fylgja verklags- og vinnureglum félagsins sem eiga við um það sem verið er að gera hverju sinni.
8. Skalt ganga úr skugga um að vita af öllum heilsufarsvandamálum í hópnum sínum.
9. Í tilfellum astma, skalt þjálfari bera eitt innúðalyf í allar kennslustundir og skila til eigandans í lok kennslunnar. Öll önnur nauðsynleg lyf eins og



Þetta skjal er einungis til hliðsjónar og skal vera lagað að hverju siglingafélagi

- insúlín eða adrenalin (epi-penna) skal einnig hafa meðferðis. Það er á ábyrgð þjálfarans að skila öllum lyfjum við enda hverra kennslustundar.
10. Lesa skal upp nöfn nemenda í upphafi og lok hverrar kennslustundar og telja nemendur reglulega á meðan á kennslu stendur.
 11. Allar skemmdir skal skrá í viðhaldsbók í lok hverrar kennslustundar, þessar upplýsingar þarf að yfirfara og ræða í lok hvers dags. Allar skemmdir þarf að laga eins fljótt og hægt er.
 12. Hver sá sem hefur hlotið fyrstu hjálp skal skráður í skýrslubók og sjúkratöskur og sjúkrakassar yfirfarnir og fyllt á þá. Þessar upplýsingar þarf að yfirfara og ræða í lok hvers dags.
 13. Þegar bátar eru sjósettir/teknir á land, skulu bæði þjálfarar og viðskiptavinir ávallt nota rétta tækni í meðhöndlun þeirra. Fyrir þunga hluti skal hafa nægilega marga sem vinna saman og/eða nota viðeigandi kerrur þar sem þess gerist þörf.
 14. Viðskiptavinir sem færa til einhvern búnað þurfa að vera undir umsjón þjálfara til þess að ganga úr skugga um að þeir skaði hvorki sjálfa sig né aðra eða valdi skemmdum.
 15. Þú skalt ávallt láta forsvarsmann vita af allri hættu (hlutum eða atvikum) sem þú verður var við.
 16. Viðskiptavinir skulu ekki undir neinum kringumstæðum reyna að berjast við eld. Þjálfarar og aðrir starfsmenn skulu ekki berjast við eld sem er meiri en venjulegt slökkvitæki ræður við.
 17. Hver sá þjálfari sem ekki hefur skilað inn sakavottorði sem sýnir að þeir séu hæfir til að vinna með börnum skal ekki vera leyft að vera einn með börnum undir neinum kringumstæðum (Barnaverndarlög nr. 80/2002 36.gr.).
 18. Þar sem fjarskiptatækjum hefur verið úthlutað skal ávallt prófa tækið áður en farið er af stað.

Viðbögð í neyðartilfellum

Í neyðartilfellum skal yfirþjálfari grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja öryggi; telja þarf alla í hópnum og ganga úr skugga um að hópurinn sé öruggur. Gera þarf forsvarsmanni viðvart. Sjá neyðaráætlun.

Ef um minniháttar meiðsl er að ræða skaltu hafa samband við næsta nálæga hóp með fjarskiptatæki og sá sér um að kalla í land eftir aðstoð og þá er einhver sendur út að sækja þann slasaða svo að hægt sé að halda áfram með kennsluna fyrir hina.

Viðbrögð við öðrum óvissum

Ef kennslu lýkur snemma skal þjálfari láta yfirþjálfara eða forsvarsmann vita áður en farið er í annað. Þjálfara ber skylda til að sjá um nemendur sína allan þann tíma sem var úthlutað í kennsluna.



Þetta skjal er einungis til hliðsjónar og skal vera lagað að hverju siglingafélagi

1.2 Að fara með viðskiptavin í land (í neyðartilfellum og ekki)

Siglingafélag:

1. Skal útvega nægilega marga öryggisbáta fyrir alla starfsemi á sjó.
2. Skal sjá um samskipti milli flota og í land.
3. Skal sjá um flutninga þar sem það er nauðsynlegt.

Þjálfari:

1. Í tilfellum þar sem þarf að flytja viðskiptavin/i í land skal hafa samskipti við aðra flota og í land fyrst, til að allir viti hvað er að gerast.
2. Sá sem er yfir flotanum í þeirri kenngslu skal þá úthluta einum þjálfara að fara með viðkomandi í land. Þetta skal gera þegar ráðstafanir hafa verið gerðar til að annar öryggisbátur sé kominn í stað þess sem fer frá hópnum.
3. Sá sem er yfir flotanum skal þá láta vita í land af öllum ráðstöfunum og ganga frá því að einhver sé tilbúinn í landi til að taka á móti þegar komið er í land svo að öryggisbáturinn komist aftur út á sjó til sins hóps eins flótt og örugglega og hægt er.
4. Þjálfari í landi tekur þá við og gerir það sem þarf að gera.
5. Í neyðartilfellum skulu allir þjálfarar á sjó fylgjast vel með samskiptum í fjarskiptabúnaði ef ske kynni að koma þyrfti foreldri, kennara eða þjálfara í land líka.

1.3 Siglingar

Hlutföll þjálfara á móti nemendum í eins manns kænnum.

Yfirþjálfari 1:6 nemendum.

Kænuþjálfari 1:6 nemendum.

Aðstoðarþjálfari telst með í hlutföllum en einungis ef með yfirþjálfara og má þá telja aðstoðarþjálfara 1:6 nemendum.

Hlutföll þjálfara á móti nemendum í stærri bátum.

Yfirþjálfari og kænuþjálfari geta bætt við hlutföll sín með eftirfarandi hætti svo lengi sem ekki er farið yfir hlutföllin öryggisbátur 1:6 kænnum.

Þjálfari 1:9 en þá eru 3 nemendur í hverri kænu mest 3 bátar (t.d. wayfarer).

Þjálfari 1:8 en þá eru 2 nemendur í hverri kænu mest 4 bátar (t.d. topaz).

Aðstoðarþjálfari getur ekki bætt við hlutföll sín með þessum hætti.

Þjálfari sem er yfir flota skal skoða vandlega hvort rifa eigi segl áður en farið er á flot. Þá skal meta aðstæður eftir spá og með því að gá til veðurs úti og fylgjast vel með. Meta skal hvort rifa á segl til þess að tryggja að öryggisbátur geti örugglega tryggt öryggi og haldið vel í hópinn ef hann dreyfist.

Þjálfari:

1. Nákvæm yfirferð á öllum búnaði skal vera gerð áður en farið er á sjó.



Þetta skjal er einungis til hliðsjónar og skal vera lagað að hverju siglingafélagi

2. Björgunar- og sundvestum er úthlutað og mátuð við geymslustað þeirra en athuga skal vel hvort vestin séu rétt fest á viðskiptavini áður en farið er á flot.
3. Allir viðskiptavinir skulu fá yfirferð á öryggisatriðum áður en farið er á sjó. Yfirferðin skal fela í sér eftirfarandi: hvað skal gera ef bátur veltur, áhættur tengdar bómu, afmarkað siglingasvæði sem notað verður, handamerki, hvað skal varast (einhverjar hættur).
4. Allir viðskiptavinir skulu fá sýnikennslu á þurru landi í hermi í því hvernig á að stýra, herða inn segl, slaka því út og einnig hvernig skal snúa við í 180° (sú kennsla skal fara fram í sambærilegum bát og notaður er á sjó).
5. Þjálfari skal vera kominn út á sjó áður en nokkur viðskiptavinur fer á flot, og þjálfari skal ávallt vera á sjó þar til allir viðskiptavinir eru komnir í land.
6. Þjálfarar skulu staðsetja sig með viðeigandi hætti innan hópsins til þess að tryggja að hópstjórnun sé góð (að flotinn dreyfist ekki).
7. Kennslan skal byggja á meðmælum og námskrá SÍL, innihaldi og uppbyggingu.
8. Kennslan skal látin fylla upp í allan þann tíma sem henni var úthlutað.
9. Allar skemmdir skal skrá í lok kennslu í viðhaldsbók og lagað.
10. Allir þjálfarar skulu fara eftir verklags- og vinnureglum um almenna starfsemi.

1.4 Öryggis- og kennslubátar

Öryggis- og kennslubáta skulu aðeins þeir keyra sem hafa lokið SÍL viðurkenndu námskeiði í meðferð öryggisbáta og hafa einnig leyfi frá forsvarsmanni félagsins. Allar vélar skulu yfirfarnar reglulega af fagaðila. Þjálfarar skulu fá kennslu í að fylla á eldsneytistanka, gera hefðbundna yfirferð áður en sett er í gang og umgengni á vinnusvæði. Allir öryggisbátar skulu hafa viðeigandi akkeri og akkerislínu sem hentar því svæði sem unnið er á.

Allir eldsneytistankar skulu festir tryggilega ofan í öryggisbátinn áður en farið er út á sjó.

Undir engum kringumstæðum skal öryggisbátur bera fleiri farþega en kveðið er á um í leiðbeiningum hans.

Þjálfari:

1. Þjálfarar skulu ávallt vera með ádrepara festan við sig þegar vélin er í gangi.
2. Þjálfarar skulu ávallt vera mjög meðvitaðir um hvar skrúfan á vélinni er og þá hættu sem af henni stafar.
3. Ef nemendur eða aðrir eru í sjónum nálægt bátnum skal drepa á vélinni með því að toga í ádreparann.
4. Óhóflegur hraði er ekki leyfður.



Þetta skjal er einungis til hliðsjónar og skal vera lagað að hverju siglingafélagi

5. Sé óábyrg hegðun sýnd í meðhöndlun og notkun öryggisbáta leiðir það til uppsagnar, þar sem það er álitid gróft brot á ráðningarsamning.
6. Þjálfarar skulu meðvitaðir um grunn svæði í nágrenni félagsins og starfsvæða þess og skulu gæta þess að reka ekki niður mótörinn.
7. Að plana (fara á mikilli ferð) framhjá viðskiptavinum til þess að búa til öldur er með öllu óheimilt.
8. Eldsneytistankur skal bundinn niður öllum stundum.
9. Fara skal varlega þegar hlutir sem geta skemmt eða gert gat á báta eru teknir frá eða settir um borð.
10. Ökumenn öryggisbáta bera ábyrgð á því að ganga úr skugga um að það sé nægilega mikið eldsneyti í tankinum til að duga kennslustundina á enda.
11. Þegar bátar með rafstarti eru notaðir skal svissa startinu af þegar bátar eru skildir eftir í einhvern tíma.
12. Nemendum skal ekki leyft að standa upp á meðan vélin er í gangi.
13. Þegar vélin er gangsett skal vera búid að yfirfara vélina með sérstaka athygli á vélarbolta (vélafestingu).
14. Þegar bátar eru sjósettir og teknir á land skal ávallt nota nægilega marga aðila og fara eftir vinnureglum um meðhöndlun þungra hluta.
15. Ef viðskiptavinir eru í sjónum og það nálægt skal ganga með bátinn frá þeim áður en vélin er sett niður og í gang.
16. Þegar öryggis- og kennslubátar eru innan hafnar skal fara hægt yfir til að gæta þess að vera innan hraðatakmarkana.
17. Ekki er leyfilegt að nota öryggisbáta félagsins undir neinum kringumstæðum nema með leyfi forsvarsmanns.
18. Öryggisbáta skal geyma á þeim svæðum sem þeim eru ætluð.
19. Eldsneyti skal einungis geyma í eldsneytisgeymslunni sem skal vera læst ÖLLUM STUNDUM.
20. Alla ádrepara og fjarskiptatæki skal skrá út og inn í þar tilgerða skráningabók.
21. Allar skemmdir þarf að skrá í viðhaldsbók.
22. Ef einhver bátur þarfnast athygli á viðhaldi, er það ábyrgð ökumanns bátsins að láta þann sem ber ábyrgð á viðhaldi öryggisbáta vita til þess að ganga úr skugga um að hann verði lagaður sem fyrst.
23. Vélarhlífir skal aldrei tekin af vélinni nema með leyfi frá forsvarsmanni eða þeim sem ber ábyrgð á viðhaldi öryggisbáta.
24. Ef að vélin fer í gang í gír skaltu láta forsvarsmann eða þann sem ber ábyrgð á viðhaldi öryggisbáta vita svo hægt sé að laga það strax.
25. Að setja utanborðsmótor á eða taka hann af skal aldrei gera einn, hafðu ávallt einhvern þér innan handar til að aðstoða þig við slíkt.

1.5 Dagsiglingar

Sigingafélag:

1. Skal ganga úr skugga um að allir sem fara í dagsiglingu hafi meðferðis hádegismat (nesti) og næg drykkjarföng. Skal útvega nægt drykkjarvatn fyrir alla í hópnum.



Þetta skjal er einungis til hliðsjónar og skal vera lagað að hverju siglingafélagi

2. Skal útvega ruslapoka.
3. Skal útvega viðeigandi samskiptatæki og lista af gagnlegum númerum í neyðartilfellum.
4. Skal útvega yfirþjálfara til að hafa yfirumsjón með dagsiglingunni.
5. Lágmark þrír öryggisbátar skulu fylgja öllum dagsiglingum til þess að tryggja að nægu öryggi geti verið viðhaldi ef einn bátur þarf að fara í land ef að upp kemur slys á bátum eða fólki.
6. Skal útvega blys og viðeigandi samskiptatæki fyrir dagsiglingar.

Þjálfari:

1. Skal gefa hópnum skýr fyrirmæli svo að hópurinn viti hvert skipulag kennslunnar er og séu fær um að fara með öruggum hætti í land á áfangastað dagsiglingarinnar.
2. Hefur stjórn á hópnum þegar komið er á áfangastað. Einn þjálfari skal bíða í landi til að hjálpa hópnum að komast í land (munið þó að ávallt skal vera þjálfari á sjó þegar viðskiptavinir eru á sjó).
3. Þjálfarinn skal hjálpa og leiðbeina nemendum við að ganga vel frá bátunum svo að frágangur á þeim sé viðunandi og sá sem er yfir flotanum samþykkir að það sé öruggt að skilja bátana eftir.
4. Þjálfarinn skal setja upp bækistöð til að vinna út frá án þess þó að taka upp allt svæðið og ganga úr skugga um að aðrir gestir geti líka nýtt svæðið.
5. Þjálfari skal hafa stjórn á hópnum á meðan dvalið er í landi. Ef nemendur vilja leika sér í sjónum skulu þeir vera í vesti öllum stundum og þjálfari skal hafa umsjón með þeim.
6. Þjálfari sækir hádegismat (ef hann var ekki tekinn með ferðis) á fyrirfram ákveðinn stað sem samþykktur hefur verið af forsvarsmanni.
7. Þjálfari skal setja upp leiki, ef einhver búnaður hefur verið tekin meðferðis í slíkt.
8. Þjálfari skal sjá um það sjálfur að finna nálægasta síma í öllum dagsiglingum ef neyðartilfelli koma upp.
9. Þjálfari skal útdeila hádegisverði fyrst til þeirra sem hafa sérþarfir í mataræði.
10. Allt rusl verður að setja í ruslapoka og komið fyrir í ruslafötu eða gám, ef það er ekki til staðar skal taka ruslið með til baka og koma því í ruslafötu siglingafélagsins.
11. Þjálfarinn skal leiðbeina hópnum, þegar kemur að því að fara, um hvernig sé best að komast frá staðnum.
12. Þjálfari skal vera kominn á flot áður en nokkur nemandi fer á flot.
13. Allir þjálfarar í dagsiglingu skulu meðvitaðir um staðsetningar á leiðinni sem hægt er að komast í land.
14. Allir flotar í dagsiglingum skulu hafa meðferðis, fjarskipatabúnað svo hægt sé að hafa samband við hópinn og upplýsingar um landingarstaði í neyðartilfellum.



Þetta skjal er einungis til hliðsjónar og skal vera lagað að hverju siglingafélagi

1.6 Sjúkratöskur og sjúkrakassar

Hver taska/kassi skal innihalda eftirfarandi. Ef eitthvað er notað/tekið úr töskunni/kassanum skal því skipt út eða endurnýjað eins fljótt og auðið er og skráningar gerðar í skýrslubók með dagsetningu, tíma og staðsetningu. Innihaldið hér fyrir neðan skal vera í endurlokanlegum poka.

Sjúkrataska í öryggisbáta:

Listi yfir innihald	1
Skyndihjálparbæklingur	1
Einangrunarlímband	1 rúlla
Einnota hanskar	2 pör
Saltvatn (natríum klóríð)	4
Þrúgusykur töflur	1
Sóttthreinsandi sáraþurrkur	3
Plástrar í stykkjum	5
Blástursmaski	1
Grisja	10
Ofkælingar poki eða álteppi	1
Handþurkur	1
Sóttthreinsað sárabindi	2
Þríhyrna	2

Ef litað með rauðu skal það vera í lofttæmdum umbúðum.

Sjúkrakassi í siglingafélaginu (10+)

Þrýstiböggjar	4
Brunagel	1 flaska
Brunagel	1 grisja
Sáragrisjur	8
Sárabindi	8
Teygjubindi	2
Skolvökvi, NaCl	4
Blástursgríma	1
Hanskar	4 pör
Flísatöng	1
Skæri	1
Heftiplástur	2
Klemmuplástur	2
Skyndiplástur	2
Vasaljós	1



Þetta skjal er einungis til hliðsjónar
og skal vera lagað að hverju siglingafélagi

2. Hluti – Siglingafélag

2.1 Að vinna með, færa og bera þunga hluti

Siglingafélag:

1. Skal gera skynsamlegar ráðstafanir til að tryggja öruggt vinnu umhverfi.
2. Skal útvega búnað til að bera þunga hluti þar sem við á.
3. Skal forðast að skapa þær aðstæður að þörf sé á að færa eða bera hættulega þunga hluti eftir fremsta megni.

Þjálfari:

1. Skal nota öruggar lyftu/vinnu tækni, beygja sig í hnjám og bakið beint.
2. Skal nota viðeigandi búnað þegar þarf að bera eða færa þunga hluti.
3. Skal biðja um hjálp þegar lyfta þarf þungum hlutum.
4. Skal tryggja eigið öryggi og heilsu og þeirra sem geta orðið fyrir áhrifum af gjörðum og/eða vanrækslu þeirra.
5. Skal vinna með vinnuveitenda sínum að heilsufars- og öryggismálum.

2.2 Skráningar

- Skráningabók (dagleg notkun báta og búnaðar skráð, s.s. fjarskiptatæki, öryggisbátar, sjúkrasjótöskur o.s.frv).
- Skýrslubók (slysa-, áhættu- og atvikaskýrslur).
- Viðhaldsbók (skráning skemmda og bilana).
- Dagáll* (skráning daglegra atbuðra og skipulag í nokkurskonar dagbók – skráning úr daglegum skipulagsfundum og fleira sem þarf að skrá).

*Dagáll- nafnið er dregið af gömlu heiti dagbókar sett saman af orðunum dagur og annáll- sem þýðir eitthvað sem er í fréttum – eitthvað er að gerast eða hefur gerst.

Siglingafélag:

1. Skal hafa alla slíka mikilvæga pappíra á viðeigandi stað, þar sem einungis þjálfarar og forsvarsmaður hafa aðgang.
2. Skal veita kennslu og útskýringar á því hvernig skýrslur skulu fylltar út.

Þjálfari:

1. Skal vinna öll nauðsynleg verk sem til falla til þess að leysa úr atviki eða slysi. Láta yfirþjálfara á vakt vita stöðu mála svo að viðeigandi aðstoð geti verið veitt sem fyrst.
2. Skal fylla út alla nauðsynlega pappíra fyrir lok hvers dags.
3. Skal láta forsvarsmann vita af öllum uppákomum sem gerst hafa á kvöldfundi eða fyrr ef við á.
4. Yfirþjálfari á vakt skal skrá allar uppákomur, atvik eða slys sem nefnd eru á kvöldfundi í dagál.



Þetta skjal er einungis til hliðsjónar
og skal vera lagað að hverju siglingafélagi

Viðaukar (eftirfarandi er ólíkt milli siglingafélaga og skal vera lagað að hverju félagi)

- A** Innihald neyðarmöppu
- B** Neyðarsímar
- C** Neyðaráætlun í eldsvoða
- D** Neyðaráætlun leiðbeiningar
- E** Slysaskýrsla
- F** Atvika- og áhættuskýrsla



Í NEYÐARTILFELLUM

Þessar upplýsingar eiga að vera lagaðar að hverju siglingafélagi og vera aðgengilegar á vísun stað í neyðartilfellum eða hættuástandi.

1. Hvað skal gera í neyðartilfellum
2. Símanúmer tengiliða
3. Skipulag svæðis (kort af húsnæði og lóð)
4. Skipulag siglingasvæðis (á sjó) og lendingarsvæði í neyðartilfellum
5. Kort sem sýnir staðsetningu lækna
6. Kort sem sýnir staðsetningu tannlækna
7. Leiðbeiningar um hvernig á að komast til lækna
8. Leiðbeiningar um hvernig á að komast til tannlækna
9. Kort sem sýnir staðsetningu sjúkrahúsa
10. Leiðbeiningar um hvernig á að komast á sjúkrahús
11. Flóttááætlun (söfnunarsvæði og talning)



Þetta skjal er einungis til hliðsjónar
og skal vera lagað að hverju siglingafélagi

Símanúmer í neyðartilfellum

Sjúkrabíll	112
Slökkvilið	112
Lögregla	112
Björgunarsveitir	112
Sjúkrahús	Númer nálægasta sjúkrahúss
Öryggisvörður (Öryggisfélag)	Ef félagið er með öryggisvörslu eða öryggisvörð

Símanúmer tengiliða í neyðartilfellum

Símanúmer siglingafélagsins	Á opnunartíma:	
	Utan opnunartíma:	
Að auki, hér fyrir neðan má finna farsímanúmer yfirmanna og stjórnarmanna. Þessi númer eru þó uppgöfin í þeim tilgangi að þau séu EINUNGIS notuð í neyðartilfellum.		
Númerin eru í þeirri röð sem skal hringja ef enginn svarar frá þeim fyrsta.		



Þetta skjal er einungis til hliðsjónar og skal vera lagað að hverju siglingafélagi

Ef þú verður var við eld

Brunaboði

- Settu brunaboðann í gang og/eða láttu stafsmannt siglingafélagsins vita af eldinum.
- Ekki reyna að berjast við eldinn, slökkviliðsmenn ættu að sjá um slíkt.

112

- Hringdu í 112 og fáðu slökkvilið á svæðið.
- Heimilisfang siglingafélags skal ritað hér.

Ef þú heyrir í brunaboðanum

Fara út

- Komdu þér út á söfnunarsvæðið á yfirvegaðann en öruggan máta gegnum nálægasta útgang/útgönguleið.

Söfnunar
svæði

- Hér skal segja hvar söfnunarsvæði siglingafélagsins er.

Yfirþjálfari á vakt eða æðsti starfsmaður á svæðinu tekur stjórnina

Nafnakall

- **A** Nafnakall eftir hópum - hver hópstjóri les upp hvort allir úr hópnum séu komnir.

112

- **B** Látið hringja á slökkviliðið ef það hefur ekki þegar verið gert.

Leit

- **C** Ef einhvernt vantar, þarf að skipuleggja leit án þess þó að leggja nokkurn í hættu. Allt tiltækt starfsfólk þarf að leita á úthlutuðum svæðum eftir tilmælum þess sem fer með stjórnina (en einungis ef það er öruggt) til að ganga úr skugga um að allir sem ekki eru komnir á söfnunarsvæðið fái leiðsögn til að komast þangað. Þegar slökkvilið mætir á svæðið VERÐUR að tilkynna þeim ef einhvernt vantar.

Þegar öryggi hefur verið tryggt

Skráning


- Eins fljótlega og hægt er, þarf forsvarmaður siglingafélagsins að vera látinn vita, skrá þarf atvikið í dagál félagsins og skýrsla fyrir slys, óhöpp og atvik skal vera fyllt út.



Þetta skjal er einungis til hliðsjónar og skal vera lagað að hverju siglingafélagi.

1. Tafarilaus viðbrögð

Yfir þjálfari eða æðsti starfsmaður á svæðinu





Þetta skjal er einungis til hliðsjónar og skal vera lagað að hverju siglingafélagi.

2. Eftivinnsla (strax á eftir)

1. Starfsfólk skal ekki ræða um slys eða atvik, sérstaklega ekki fyrir framan viðskiptavini eða aðra utanaðkomandi.
2. Hafðu samband við (forsvarsmann siglingafélagsins) eins flótlega og hægt er.
3. Forsvarsmaður siglingafélagsins skal skrá frásögn starfsmanna og annara vitna. Fylgja skal eftirfarandi ferli.
 - a. Ræðið við starfsfólk og lykil vitni: Ferli nr. 2 (sjá í skýringum).
 - b. Ræðið málið ekki við utanaðkomandi aðila
4. Forsvarsmaður siglingafélagsins (nafn) skal hafa samband við nánastu aðstandendur, hvort sem um ræðir börn, fullorðna eða starsmenn. Nema ef einhver annar hefur tekið það verk að sér svo sem kennari hóps, hópstjóri eða lögregla í tilfellum banaslysa.
5. Ákvörðunin um hver tekur það að sér að tilkynna nánastu aðstandendum um slys verður að vera algjörlega skýr á þeim tímapunkti sem hún er tekin. Fjöldi þeirra sem taka verkefnið að sér mun fara eftir því hve marga þarf að hafa samband við.
6. Forsvarsmaður siglingafélagsins gengur úr skugga um að viðeigandi skýrslur hafa verið fylltar út og kláraðar að fullu.
7. (Formaður siglingafélagsins) sér um að ræða við fjölmiðla eða viðeigandi yfirvöld. (nafn siglingafélagsins) sendir út skriflega yfirlýsingu til fjölmiðla ef það þykir viðeigandi. Enginn annar starfsmaður (nafn siglingafélagsins) hefur leyfi til að gefa opinberar yfirlýsingar.

3. Eftirvinnsla (á næstu dögum)

Daglegar fréttir frá yfirþjálfara til (forsvarsmann siglingafélagsins) um þróun mála, frekari upplýsingar, kjaftasögur eða orðróm.

Skýringar:

- a. Forsvarsmaður siglingafélags/staðgengill ætti að bera öllum stundum:
 - Farsíma
 - Upplýsingar um hvernig má ná í (formann siglingafélagsins)
- b. Umræða: Ef mögulegt er, flytjið starfsmenn og lykil vitni á stað þar sem hægt er að ræða við þau án nokkurra truflana.

Ferli nr. 1

Ætti að fela í sér eftirfarandi:

Ef um slys er að ræða, klárið að skrá í skýrslubók, klárið slysaskýrslu og klárið skráningu í dagál félagsins.

Ferli nr. 2

Ætti að fela í sér eftirfarandi;

Skráð skriflegar umsagnir starfsmanna og lykilveritna.



Slysa skýrsla

Þessa skýrslu skal fylla út eins vel og hægt er af starfsmanni eða öðrum ábyrgum aðila.
Vinsamlegast lesið leiðbeiningarnar, þær hjálpa við að fylla skýrsluna rétt og vel út.

Upplýsingar um hinn slasaða:

Nafn _____ Aldur _____ Kyn: (karl/ kona)

Heimilisfang EÐA skóli/nafn hóps _____

Er sá sem slasaðist:

Vinsamlegast merkið aðeins við eitt af eftirfarandi

Starfsmaður

Nemandi/Viðskiptavinur

Almennur borgari

Upplýsingar um þann sem fyllir út skýrsluna: (ef annar en sá sem slasaðist)

Nafn _____ Staða _____

Upplýsingar um slysið

Dags: ____/____/____

Tími: ____:____ (Vinsamlegast notið 24 klst, t.d. 13:00)

Búnaður/tæki sem tengist slysinu: _____

(Vinsamlegst verið eins nákvæm og hægt er, t.d. tegund báts)

Hvar átti slysið sér stað? _____

(Vinsamlegst verið eins nákvæm og hægt er í að gefa staðsetningu ef úti á sjó, á landi, heimilisfang ef við á).

Áverkar

1. Hvar á líkama urðu áverkar?

Vinsamlegst merkið við það sem við á

Höfuð Andlit

Auga Nef

Munnur Eyra

Hönd Handleggur

Fótur Fótleggur

Búkur

2. Hvaða áverkar hlutust?

Vinsamlegast merkið við það sem við á, það gæti verið fleiri en einn áverki

Mar, tognun eða aðrir innvortis áverkar

Blöðrur, skráma/skurður (áverkar á húð)

Stunga eða bit Brunasár

Aðskotahlutur Farið úr lið

Veikindi Beinbrot

3. Lýsið því sem gerðist:

Vinsamlegast gefið eins nákvæma lýsingu og hægt er. Til dæmis:

Atburðarás fram að slysinu

Hvað olli slysinu

Lýstu eins vel og þú getur meiðslunum

Nöfn á efnum sem komu við sögu

Nöfn og tegundir búnaðar

og tækja sem komu við sögu

4. Hvernig var brugðist við/hvað var gert? (Ráðleggingar gefnar)

Undirskrift _____ Dags. _____

Ef slasaður er yngri en 18 ára

Hefur hópstjóri, foreldri eða forráðamaður verið látinn vita af slysinu?

Nafn þess sem var látinn vita _____

Nafn starfsmanns _____ Dags. tilkynningar ____/____/____



Slysa skýrsla

Þessa skýrsla skal fylla út eins vel og hægt er af starfsmanni eða öðrum ábyrgum aðila. Vinsamlegast lesið leiðbeiningarnar, þær hjálpa við að fylla skýrsluna rétt og vel út.

Leiðbeiningar

Slysaskýrslan er mjög mikilvægt skjal og árfíðandi er að reynt sé eftir bestu getu að fylla skýrsluna vel út með eins nákvæmum upplýsingum og hægt er. Punktarnir hér að neðan ættu að aðstoða þig við það, vinsamlegast lestu leiðbeiningarnar vel áður en þú fyllir út skýrsluna.

Fylla skal út eina skýrslu á hvern slasaðan einstakling.

Ef þú hefur opnað sjúkratösku eða sjúkrakassa þá VERÐUR að fylla út slysaskýrslu.

Það eru sex hlutar sem þarf að fylla út:

Upplýsingar um hinn slasaða

Notið fullt nafn viðkomand, notið EKKI gælunöfn. Ef þú veist ekki hvað viðkomandi heitir (og hann/hún getur ekki sagt til nafns og aldurs) fylltu þetta þá út eins fljótlega og hægt er eftir að þú færð upplýsingarnar, en ekki gleyma því! Ef þú getur fyllt út heimilisfang skaltu gera það, ef viðkomandi er með skóla eða öðrum hóp er ásættanlegt að skrá nafn skóla eða hóps. Mundu eftir að haka við hvort sá sem slasaðist er starfsmaður, nemandi/viðskiptavinur eða almennur borgari.

Upplýsingar um þann sem fyllir út eyðublaðið
(ef annar en sá sem slasaðist)

Slysaskýrslu getur hver sem er fyllt út. Þennan hluta þarf einungis að fylla út ef þú ert að fylla út skýrslu fyrir einhvern annan en sjálfan þig (ef þú ert ekki sá sem slasaðist).

Upplýsingar um slysið

Vertu viss um að skrá rétta dagsetningu og tímunn þegar slysið átti sér stað. Vinsamlegst notið 24 klukkustundir svo enginn miskilningur hljótist (til dæmis 01:00 ef slysið átti sér stað klukkan eitt um nótt en 13:00 ef slysið átti sér stað klukkan eitt að degi til.

Ef slysið átti sér stað í bát vinsamlegast tilgreinið hvort það var optimist, topper topaz o.s.frv.

Tilgreinið eins nákvæmlega og hægt er **hvar** slysið átti sér stað með tilvísun í staðhætti (til dæmis ef í Skerjafirði "á miðjum voginum beint út af ylströndinni" eða "í mynni Kópavogshafnar").

Áverkar

1 Áverkunum ætti að vera hægt að lýsa með einu eða fleiri af því sem listað er upp, vinsamlegast merkið við það sem við á, það gæti verið fleiri en einn áverki.

2 Merktu við þá hluta líkamans sem áverkar urðu á.

3 Lýstu eins nákvæmlega og þú getur því sem gerðist í aðdraganda slysins og hvernig slysið átti sér stað. Ekki gleyma að nefna búnað, vélar eða efni sem gætu hafa komið við sögu í slysinu.

4 Að lokum hvað var gert til að hjálpa þeim slasaða.

Undirskrift og dagsetning

Sá sem fyllir út skýrsluna skrifar hér undir og skráir dagsetninguna sem skýrslan var fyllt út.

Ef slasaður er yngri en 18 ára

Starfsmaður þarf að athuga hvort hópstjóra, foreldri eða forráðamanni hafi verið tilkynnt um slysið. Skráðu nafn þessa ábyrgðaraðila sem var látinn vita í prentsöfum og mundu að skrifa hvaða dag tilkynningin var gefin.



Atvika- og áhættuskýrsla

ENGIR ÁVERKAR

Viðauki F

Þessa skýrslu skal fylla út fyrir hættu eða atvik þar sem **enginn** hefur slasast.

Þessa skýrslu skal fylla út eins vel og hægt er af starfsmanni.

Vinsamlegast lesið leiðbeiningarnar til að aðstoða þig við að fylla skýrsluna rétt og vel út.

■ **Upplýsingar um þann sem lenti í atvikinu/hættunni:**

Nafn _____ Aldur _____ Kyn: (karl/ kona)

Heimilisfang EÐA skóli/nafn hóps _____

Er viðkomandi: Vinsamlegast merkið aðeins við eitt af eftirfarandi

Starfsmaður

Nemandi/Viðskiptavinur

Almennur borgari

■ **Upplýsingar um þann sem fyllir út skýrsluna:**

Nafn _____ Staða _____

■ **Upplýsingar um - Atvikið Hættuna** (Vinsamlegast setjið hring um það sem á við)

Dags: ____/____/____

Tími: ____:____ (Vinsamlegast notið 24 klst, t.d. 13:00)

Búnaður/tæki sem tengist atvikinu: _____
(Vinsamlegst verið eins nákvæm og hægt er, t.d. tegund báts)

Hvar átti atvikið/hættan sér stað? _____
(Vinsamlegst verið eins nákvæm og hægt er í að gefa staðsetningu ef úti á sjó, á landi, heimilisfang ef við á).

■ **Lýsið því sem gerðist:**

Vinsamlegast gefið eins nákvæma lýsingu og hægt er. Til dæmis:

Atburðarás fram að atvikinu

Hvað olli atvikinu/hættunni

Lýstu atvikinu eins vel og þú getur

Nöfn á efnum sem komu við sögu

Nöfn og tegundir búnaðar

og tækja sem komu við sögu

Hvernig var brugðist við/hvað var gert? (Ráðleggingar gefnar)

Undirskrift _____ Dags. _____

■ Forsvarsmaður siglingafélags/miðstöðvar skrifar hér undir þegar allir starfsmenn hafa verið látnir vita af atvikinu/hættunni.

Undirskrift _____ Dags. _____



Atvika- og áhættuskýrsla

ENGIR ÁVERKAR

Viðauki F

Þessa skýrslu skal fylla út fyrir hættu eða atvik þar sem **enginn** hefur slasast.

Þessa skýrslu skal fylla út eins vel og hægt er af starfsmanni.

Vinsamlegast lesið leiðbeiningarnar til að aðstoða þig við að fylla skýrsluna rétt og vel út.

Leiðbeiningar

Atvika- og áhættuskýrsla er mjög mikilvægt skjal og áriðandi er að reynt sé eftir bestu getu að fylla skýrsluna vel út með eins nákvæmum upplýsingum og hægt er. Punktarnir hér að neðan ættu að aðstoða þig við það, vinsamlegast lestu leiðbeiningarnar vel áður en þú fyllir út skýrsluna.

Fylla skal út eina skýrslu á hvern einstakling sem lendir í atviki/áhættu.

Það eru fimm hlutar sem þarf að fylla út:

Upplýsingar um þann sem lenti í atvikinu/hættunni

Notið fullt nafn viðkomand, notið EKKI gælunöfn. Ef þú veist ekki hvað viðkomandi heitir (og hann/hún getur ekki sagt til nafns og aldurs) fylltu þetta þá út eins fljótlega og hægt er eftir að þú færð upplýsingarnar, en ekki gleyma því! Ef þú getur fyllt út heimilisfang skaltu gera það, ef viðkomandi er með skóla eða öðrum hóp er ásættanlegt að skrá nafn skóla eða hóps. Mundu eftir að haka við hvort viðkomandi er starfsmaður, nemandi/viðskiptavinur eða almennur borgari.

Upplýsingar um þann sem fyllir út eyðublaðið

Þennan hluta þarf einungis að fylla út ef þú ert að fylla út skýrslu fyrir einhvern annan en sjálfan þig.

Upplýsingar um atvikið/hættuna

Vertu viss um að skrá rétta dagsetningu og tímam þegar atvikið/hættan átti sér stað. Vinsamlegst notið 24 klukkustundir svo enginn miskilningur hljótist (til dæmis 01:00 ef atvikið átti sér stað klukkan eitt um nótt en 13:00 ef atvikið átti sér stað klukkan eitt að degi til. Ef atvikið átti sér stað í bát vinsamlegast tilgreinið hvort það var optimist, topper topaz o.s.frv. Tilgreinið eins nákvæmlega og hægt er **hvar** atvikið/hættan átti sér stað með tilvísun í staðhætti (til dæmis ef í Skerjafirði "á miðjum vöginum beint út af ylströndinni" eða "í mynni Kópavogshafnar").

Lýsið því sem gerðist

Lýstu eins nákvæmlega og þú getur því sem gerðist í aðdraganda atviksins/hættunnar og hvernig það átti sér stað. Ekki gleyma að nefna búnað, vélar eða efni sem gætu hafa komið við sögu. Að lokum hvað var gert eftir að atvikið átti sér stað. Sá sem fyllir út skýrsluna skrifar hér undir og skráir dagsetninguna sem skýrslan var fyllt út.

Undirskrift forsvarsmanns

Gera þarf öllu starfsfólki viðvart um atvik/hættu sem á sér stað þann dag. Í lok dags þarf forsvarsmáður að skrifa undir atvika- og áhættuskýrslur og lýsa því þar með yfir að öllu starfsfólki hafi verið tilkynnt um atvik/hættur.